

RE: Kostir við eldsneytisframleiðslu og orkuframboð

Til : Sigurður Ásbjörnsson - SLS <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>; Bryndís Skúladóttir <>
Frá : Tryggvi Thor Herbertsson <t.herbertsson@qair.energy>
Heiti : RE: Kostir við eldsneytisframleiðslu og orkuframboð
Málsnúmer : 202207004
Málsaðili : Qair Iceland ehf
Skráð dags : 15.05.2023 12:05:35
Höfundur : Tryggvi Thor Herbertsson <t.herbertsson@qair.energy>
Viðhengi [image001.jpg](#)

Sæll Sigurður og afsakaðu sein svör, ég var í fríi í síðustu viku.

Við höldum opnu nokkrum kostum í bili. Sennilegt er að það verði blanda af kostum fremur en að það verði eingöngu um einn kost að ræða.

Varðandi jöfnun vindorku þá er vetnisframleiðsla einn af þeim kostum sem einfaldastur og aðgengilegastur er til að jafna raforku. Þetta stafar af því að vetnisframleiðsla er hægt að sveifla að stórum hluta nánast samstundis eftir því hvernig framboð raforku er á netinu.

Ef ítarlegri svara er óskað þá erum við ávallt reiðubúin.

Kveðja

Tryggvi Þór

From: Sigurður Ásbjörnsson - SLS
Sent: Monday, May 8, 2023 1:27 PM
To: Bryndís Skúladóttir ; Tryggvi Thor Herbertsson
Subject: Kostir við eldsneytisframleiðslu og orkuframboð

Sæl

Við erum að vinna við álitserð um matsáætlun. Nokkrar spurningar hafa vaknað við vinnuna.

Í matsáætlun kemur fram að skoðaðir verði þrír kostir:

- Valkostur A | Vetnisframleiðsla með áframvinnslu á ammoníaki
- Valkostur B | Vetnisframleiðsla með áframvinnslu á metanóli
- Valkostur C | Vetnisframleiðsla með áframvinnslu á metan

Er þar með ákveðið að eingöngu verði valin ein afurð til framleiðslu? Eða er mögulegt að þær geti orðið úr fleiri en einum kosti af þeim sem lagðir eru fram?

Jafnframt spyrjum við eftir samspili framleiðslunnar við raforkumarkað. Ítrekað hefur verið vakin athygli Skipulagsstofnunar á því að vindorka falli illa að raforkumarkaði nema annað hvort sé til staðar jöfnunarafl til að mæta sveiflum í vindorku eða um sé að ræða orkukaupendur sem geti tekið á sig töluverðar sveiflur á framboði raforku. Því spyrjum við hvort fyrirhuguð eldsneytisframleiðsla sé hugsuð þannig að hún geti starfað með sveiflukenndu framboði af raforku?

kveðja,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

